

Fundargerð 76. fundar

stjórnar Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga

Árið 2023, þriðjudaginn 14. nóvember kl. 08:00 kom stjórn Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Þórdís Sif Sigurðardóttir, Íris Róbertsdóttir, Björn Ingimarsson, Heimir Örn Árnason og Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir og Jón Björn Hákonarson sem ritaði fundargerð.

Baldur Smári Einarsson og Fannar Jónasson boðuðu forföll.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Dómur vegna aflagjalds á lax sem færður er til slátrunar - 2311001SU

Lagður fram til kynningar dómur sem féll í síðustu viku í máli Vesturbyggðar gegn Arnarlaxi ehf. vegna álagningu aflagjalds á lax sem færður er til slátrunar.

Stjórn ræddi dóminn og samþykkti eftirfarandi ályktun vegna hans:

Stjórn Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga lýsir yfir þungum áhyggjum vegna niðurstöðu dóms, Héraðsdóms Vestfjarða í máli Vesturbyggðar gegn Arnarlaxi sem féll á dögunum, þar sem segir að eldisfiskur teljist ekki sjávarafli, þó hann sé alinn upp í sjó, og þannig undanskilinn aflagjaldi. Það er ljóst að standi þessi dómur er einni stoð kippt undan í uppbyggingu hafna, til þjónustu við notendur þeirra, og þar með sveitarfélögunum sem þær byggja og reka. Sjókvíaeldi er vaxandi atvinnugrein víða um land og mikilvægt í því rekstrarumhverfi að til staðar séu öflugar hafnir til að þjónusta það á ýmsa vegu, s.s. með mengunarvarnarbúnaði og öðru viðbragði. Til að það sé hægt þarf að skýra gjaldaheimildir í lögum til að standa undir uppbyggingu þeirra og rekstri. Því skora Samtök sjávarútvegssveitarfélaga á innviðaráðherra að fara þegar í endurbætur á þeim lögum sem að hafnarstarfsemi snúa til að skýra þær heimildir sem meðal annars snúa að aflagjöldum á eldisfiski til slátrunar, vörugjöldum af fóðri sem skipað er beint í kvíar á fjörðum og flutningi á lífmassa í sjókvíar til eldis. Allri þessari starfsemi fylgir mikill kostnaður sveitarfélaga í formi uppbyggingar og reksturs hafnarmannvirkja til að þjónusta þessa mikilvægu og vaxandi atvinnugrein sem sjókvíaeldi er ásamt því að sinna öryggisþáttum þar að lútandi.

Formanni stjórnar og starfsmanni falið að koma bókun á framfæri við innviðaráðherra og þingmenn.

2. Sjávarútvegsfundur 2023 - 2309001SU

Formaður greinir frá undirbúningi Sjávarútvegsfundar 2023.

Formaður kynnti undirbúning að Sjávarútvegsfundinum 2023 sem hann, ásamt starfsmanni, hafa unnið að. Fundurinn fer fram í teams þann 8. desember nk. milli kl:9-11. Verið er að ganga frá við fyrirlesara og verður svo boð sent á aðildarsveitarfélög um að skrá þátttöku á fundinum.

Fundi var slitið kl. 08:50